

torveldast að taka fyrir hitt:
tvíræð lög sem grunnhygnina fleka,
undan steinum orðanna að fiska
einkaleyfin, hver á sína diska.

Haði oss aukist yfirburða vald
anda lofts og jarðar hemja að vinna,
þrældómsokið — sem kvað syndagjald —
sezt ei á oss hlutfallslega minna.
Mammon legst nú þungt á þý og herra,
þokun slík er fram úr illu í verra.

III.

Heimur, okkar höfuð eru ei sterk!
hvílum oss við þessa talnabálka—
það er sarg og sinnuleysis verk
samanlagning skektra og langra dálka—
Viðrum okkur, sjáum þá hvað setur,
sörlumst út þó nú sé kominn vetur.

Er ei þessi greni-hrísla græn
gegnum alt sem fryst og snjóað getur?
Ættkvísl hennar ólst upp sólskins-hæn
áður en jörðin þekti frost og vetur—
Þessi breytti, í stopul-viðrum storða,
stuttum yl í langan vetrar forða.

Ekkert guðsskjól gætir hennar í
grimmviðrum og kófi norðandrifa—
Líf sem hepnast hallast sjálft að því
hollvænasta, nær svo til að lifa.
Sólarylur bak við svarta börkinn
býr í merg þér iðja-græna mörkin.

VI.

Útiloftið hefir, heimur minn,